

## Aðalfundur foreldrafélags Helgafellsskóla

Þriðjudagurinn 18. maí 2021.

Fundurinn fór fram sem fjarfundur í gegnum Zoom.

Fundur settur kl. 19:30.

Elín María Jónsdóttir formaður foreldrafélags Helgafellsskóla bauð fólk velkomið.

Dagskrá hafði verið send með fundarboði:

1. Kynning á starfi skólans, Rósa skólastjóri
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar lögð fram
4. Kosning í stjórn
5. Kynning á stjórn og fyrirkomulagi til stjórnarkjörs næstu ára
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Kynning á hlutverki árgangafulltrúa
9. Foreldrarölt í sumar

### **Mál 1**

Kynning á starfi skólans frá Rósu skólastjóra.

Stjórn foreldrafélagsins þakkar Rósu kærlega fyrir kynninguna.

### **Mál 2**

Elín María Jónsdóttir formaður var fundarstjóri og Elín Anna Gísladóttir ritaði fundargerð.

### **Mál 3**

Elín María las upp skýrslu stjórnar.

Skýrslan verður aðgengileg á vef Helgafellsskóla eftir fundinn.

#### **Mál 4**

Óskað hafði verið eftir umsóknum fyrir fundinn og Engin mótmæli svo það telst samþykkt.

#### **Mál 5**

Stjórnin er skipuð svona núna

- ▶ Ólafur Dan Snorrason, formaður  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2023
- ▶ Jóna A. Pálmadóttir  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2022
- ▶ Elena Martínez Pérez  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2022
- ▶ Lea Steinþórsdóttir  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2023
- ▶ Gunnar Ingi Reykjhalín Sveinsson  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2023
- ▶ Sunna Ósk Ómarsdóttir  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2023
- ▶ Sonja Petra Stefánsdóttir  
- situr í stjórn fram að aðalfundi 2022

Stjórn mun skipta með sér verkum á næsta stjórnarfundum. Í samræmi við reglur foreldrafélagsins.

#### **Mál 6**

Lagt til að halda óbreyttum félagsgjöldum: 2000 kr. á haustönn og 2000 kr. á vorönn. Gert er ráð fyrir því að einungis sé ein greiðsla á heimili, óháð fjölda barna.

Engin mótmæli og telst því samþykkt.

#### **Mál 7**

Kosning skoðunarmanna reikninga.

Elín Anna Gísladóttir og Harpa Sif Sigurðardóttir.

Engin mótmælti og telst því samþykkt.

## **Mál 8**

Fundarstjóri kynnti hlutverk árgangafulltrúa.

Hlutverk árgangafulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar / leikskóladeildar. Árgangafulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri árgangafulltrúa.

- Kallar saman foreldra barnanna í bekknum eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- Eru tengiliður bekkjarins við stjórn foreldrafélagsins og funda með þeim 2-3 á vetri.
- Sjá um að skipulagðir séu a.m.k. 2 bekkjarsamkomur yfir veturinn.
- Aðstoða stjórn foreldrafélagsins við framkvæmd einstakra stærri viðburða
- Bera ábyrgð á að manna foreldrarölt.
- Hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi andann í bekknum og bekkjarstarfið og skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu.

## **Mál 9**

Fundarstjóri kynnti fyrirhugað foreldrarölt í sumar.

### **Foreldrarölt í sumar**

**1. maí - 1. september** verður gengið á **föstudagskvöldum**. Lagt verður af stað frá aðalinngangi Helgafellsskóla **klukkan 23:15** og tekur gangan um klukkustund.

Með þátttöku í foreldrarölti komum við í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir. Sýnileiki fullorðinna er einnig góð forvörn gegn notkun vímuefna, eineltis og ofbeldi. Vestin fyrir foreldraröltið skal nálgast á skrifstofu skólans á opnunartíma. Yfir sumartímam verða vestin geymd á bensínstöðinni N1 við Háholt.

### **Atriði sem hafa skal í huga á röltinu**

- Við erum sjáanleg! Endurskinsvesti eru mikilvæg.
- Gott er að vera helst ekki færri en fimm, en röltum þó einhvern vanti.
  - Skimað er eftir börnum og unglungum.
  - Verum vakandi fyrir óæskilegri hegðun / hópamyndun.
- Spjalla vinalega við þau og hvetja þau til að fara heim þar sem útvistartíminn sé liðinn.
  - Við erum til taks ef börnin / unglungarnir þurfa á okkur að halda.
    - Við hlustum og leiðbeinum án þess að stjórna.
      - **Við erum EKKI lögregla !**
  - Verði foreldrahópurinn var við ofbeldi, vímuefnaneyslu og/eða sölu eða eitthvað annað ólöglegt skal hringja strax á lögreglu. Þegar hringt er til lögreglunnar er gott að kynna sig sem hluta af foreldrarölti.
    - Gætið að ykkar öryggi.
  - **Við höldum trúnaði.** Börn eiga rétt á því að einkalíf þeirra sé virt, líka börn í vanda !
    - **Við tökum ekki myndir af börnum og unglungum.**

Fundi slitið kl. 20:25